



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Ársskýrsla  
Náttúrustofu Austurlands  
2000

# Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands 2000

## INNGANGUR

Starfsemi Náttúrustofu Austurlands var umfangsmeiri árið 2000 en nokkru sinni fyrr. Verkefnum fjölgaði, þau voru fjölbreyttari, unnið var á fleiri stöðum og starfsfólk var fleira en áður.

Stórum áfanga var náð í ársbyrjun þegar Náttúrustofa Austurlands tók við rannsóknum á hreindýrastofninum með sérstökum samningi við Veidistjóraembættið. Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum var síðan breytt vorið 2000 þannig að hreindýrarannsóknir eru nú lögbundið hlutverk Náttúrustofunnar.

Hreindýrarannsóknir eru fyrsta stóra langtímaverkefnið sem Náttúrustofa Austurlands fær en fram að þessu hefur starfsemin að mestu byggst á tímabundnum verkefnum. Langtíma verkefni með föstum tekjustofni eru afar mikilvæg til að tryggja kjölfestu í starfsemi Náttúrustofunnar til lengri tíma og til að sérfræðingar sem þar starfa geti gengið að tryggjum og spennandi störfum ár frá ári. Slíkt er einnig mikilvægt til að Náttúrustofan geti aflað sér sérþekkingar og færni á ákveðnum sviðum og þar með faglegrar virðingar sem náttúruannsóknastofnun.

## VERKEFNI 1999 - 2000

### Rannsóknarverkefni

#### Hreindýrarannsóknir

Hreindýrarannsóknum má skipta í tvennt, annars vegar rannsóknum er tengjast árlegri vöktun stofnsins og hins vegar tímabundnar rannsóknir vegna ýmissa framkvæmda. Aðalþættir í vöktun stofnsins eru vetrar- og sumartalningar. Daga 5.-11. mars 2000 voru hreindýr talin á öllu Austurlandi og 10.-11. júlí á Snæfellsöræfum. Um fengitímamann var aldurs- og kynjasamsetning dýranna könnuð á Fljótsdalsheiði. Fulltrúi Náttúrustofunnar tekur þátt í störfum Hreindýraráðs og situr alla fundi þess. Náttúrustofan gerir tillögu um veiðikvóta og metur ágang hreindýra á einstökum jörðum á Austurlandi. Mat á ágangi er notað til að reikna út skiptingu arðs af veiðunum.

Í desember 1999 vann Náttúrustofan skýrslu um áhrif fyrirhugaðra raflína, frá Fljótsdal á Reyðarfjörð, á hreindýr. Unnið er að matsskýrslu um áhrif fyrirhugaðrar Kárahnjúka-virkjunar og fylgst var með dreifingu og fari dýranna á virkjanaslóðum í sumar. Í tengslum við matsskýrsluna voru lagðar fram tillögur um frekari rannsóknir á hreindýrum vegna virkjana.

## **Rannsóknir á hreindýrabeit**

Unnið er að rannsóknum á hreindýrabeit á Gerpissvæðinu. Sumarið 1999 var komið var upp mælireitum í Sandvík til að fylgjast með gróðurbreytingum og sumarið 2000 voru nokkrir reitanna girtir til að fylgjast með hvaða áhrif verða af friðun fyrir hreindýrabeit.

## **Fuglalíf á Gerpissvæðinu**

Náttúrustofan fékk styrk frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands til verkefnisins og var unnið að gagnasöfnun sumar 1999 og drögum að skýrslu lokið vorið 2000. Sumarið 2000 var bætt við nokkrum athugunum og stefnt er að því að fullvinna skýrsluna veturinn 2000 - 2001.

## **Umhverfismál sveitarfélaga**

### **Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð**

Náttúrustofan stýrir verkefninu í samráði við stýrihóp í Fjarðabyggð. Þegar lokið var við úttekt á núverandi ástandi í Fjarðabyggð s.l. áramót var hafist handa við tillögur að markmiðssetningu og framkvæmdaáætlun. Þær tillögur eru um þessar mundir til umfjöllunar í nefndum Fjarðabyggðar og verða væntanlega samþykktar í bæjarstjórn fyrir árslok. Leitað var leiða til að fá fram skoðanir íbúa í vinnu við markmiðssetningu og framkvæmdaáætlun með því t.d. að halda borgarfund, opna heimasíðu verkefnisins ([www.simnet.is/na/stadardagskra.html](http://www.simnet.is/na/stadardagskra.html)) og setja upp hugmyndabanka í öllum matvöruverslunum í sveitarfélaginu.

## **Umhverfisrannsóknir vegna framkvæmda**

Þetta eru einkum verkefni sem unnin eru fyrir fyrirtæki og stofnanir vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda eða skipulagsvinnu.

### **Verkefni sem hefur verið lokið við frá því haustið 1999:**

- Gróðurfar á línustæði frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar.
- Gróðurfar í Kinnarlandi á Vopnafjarðarheiði
- Gróðurfar á vegarstæði veiðivegar við Selá í Vopnafirði;
- Gróðurkortlagning við Eskifjörð.
- Gróðurfar á vegarstæðum Upphéraðsvegar í Fljótsdal.
- Könnun á lífríki fjörunnar í Innri Gleðivík við Djúpavog.
- Könnun á smádýralífi í leirunni í Seyðisfirði.

- Könnun á fuglalífi á leirunni í Seyðisfriði.

### **Umhverfisrannsóknaverkefni í vinnslu:**

- Athuganir á fuglalífi við Kröflu.

- Gróðurfar í vegarstæðum beggja vegna jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar

- Fuglalíf á og við vegarstæði beggja vegna jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjaðrar.

- Gróðurfar við Reykjanesbraut

- Hreindýrarrannsóknir vegna Kárahnjúkavirkjunar

- Rannsóknir á fuglum vegna Kárahnjúkavirkjunar. Starfsmenn Náttúrustofu Austurlands vinna hluta af fuglarannsóknum og hafa einnig aðstoðað við gróðurkortlagningu í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

## **Ýmis verkefni**

### **Byggingarár húsa og ofanflóðannáll fyrir Eskifjörð**

Á vormánuðum tók Náttúrustofan að sér að vinna verkefni fyrir Veðurstofu Íslands. Verkefnið var tvíþætt og tengdist mati á ofanflóðahættu fyrir Eskifjörð sem Veðurstofan hefur unnið að. Annars vegar var um að ræða úttekt á byggingarárum húsa á Eskifirði og hins vegar endurbætur á ofanflóðaannáli Eskifjarðar og skráningu hans í gagnagrunn Veðurstofunnar.

### **Verkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna**

Náttúrustofan fékk s.l. vor styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna tvö verkefni. Þau eru: „Flokkun fjörugerða og vistgerða fjörunnar“ og „Notkun nærumhverfis og vettvangskennslu í skólum í Neskaupstað“. Verkefnin voru unnin á tímabilinu júní til nóvember 2000.

## **Fræðslustarfsemi**

### **Heimasíða**

Loksins er búið að koma upp heimasíðu Náttúrustofu Austurlands – [www.simnet.is/na](http://www.simnet.is/na). Það voru starfsmenn Náttúrustofunnar sem unnu að heimasíðugerðinni og hefur heimasíðan, sem í upphafi var lítil og einföld, stækkað jafnt og þétt. Í framtíðinni er áætlað að á heimasíðunni verði hægt að nálgast almennan fróðleik um náttúrufar á Austurlandi auk þess sem þar verði hægt að nálgast þær skýrslur sem Náttúrustofan hefur unnið.

## **Fræðsluerindi, vettvangsferðir og opið hús**

Á degi umhverfisins 25. apríl 2000 bauð Náttúrustofan uppá fræðslukvöld í Neskaupstað. Aðsóknin var mjög góð og mættu um 50 manns. Í tengslum við Páskafjör í Fjarðabyggð var á föstudaginn langa boðið uppá fuglaskoðun með leiðsögn, á leirunum í botni Reyðarfjarðar. Aðsókn var góð og allmargir fuglar sáust þrátt fyrir fremur leiðinlegt veður. Þá var opið hús laugardaginn 6. maí og lögðu margir leið sína á Náttúrustofuna og kynntu sér starfsemi hennar.

## **VERKEFNI SEM STÖÐUGT ER UNNIÐ AÐ**

### **Söfnun heimilda og gagna um náttúru Austurlands**

Bókasafn Náttúrustofunnar er enn lítið og vanbúin en óx þó nokkuð á s.l. ári. Meðal annars gáfu Eyþór Einarsson, Sigurður Kristinsson og Hjörleifur Guttormsson Náttúrustofunni talsvert safn bóka og ýmis konar rita. Fyrir utan að efla bókasafnið er mikil þörf á að skrá í gagnagrunn þær upplýsingar sem til eru um náttúru Austurlands og gera slíkt gagnasafn aðgengilegt almenningi.

### **Fyrirlestrar í skólum og skólaheimsóknir**

Nemendur Verkmenntaskóla Austurlands leita talsvert til Náttúrustofunnar vegna vinnslu ýmis konar verkefna. Þá hafa sérfræðingar stofunnar verið með gestfyrirlestra og tekið þátt í vettvangsferðum vegna náttúrufræðikennslu í skólanum. Einnig hafa nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum heimsótt Náttúrustofuna árlega og stafsmáður Náttúrustofunnar farið með þeim í vettvangsferðir. Haustið 1999 komu 10. bekkingar í Nesskóla í vettvangsfræðslu á Náttúrustofuna í fyrsta skipti og verður því starfi haldið áfram. Haustið 2000 tók Náttúrustofan á móti 9-12 ára börnum úr Nesskóla í tengslum við þemaviku um umhverfismál í skólanum

### **Fyrirspurnir frá almenningi, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum varðandi náttúrufræði og náttúruverndarmál**

Talsvert berst að ýmsum fyrirspurnum og einnig er nokkuð um að komið sé með skordýr og plöntur til greininga á Náttúrustofunni. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum og reynir að svara þeim eftir megni.

## STARFSFÓLK

Skarphédinn G. Þórisson, líffræðingur kom til starfa snemma á árinu 2000. Hann er verkefnisstjóri hreindýrarannsóknna á vegum Náttúrustofunnar og hefur vinnuaðstöðu hjá Skógrækt ríkisins á Egilsstöðum. Guðrún Á. Jónsdóttir líffræðingur, forstöðumaður og Kristín Ágústadóttir landfræðingur hafa verið í fullu starfi á árinu. Guðrún vinnur einkum að gróðurannsóknnum auk stjórnunarstarfa. Kristín hefur séð um vinnu við Staðardagskrá 21 og skráningu á byggingarárum húsa og ofanflóðaannáli fyrir Eskifjörð. Hún hefur auk þess unnið að mörgum öðrum verkefnum og haft umsjón með heimasíðunni. Í júní 2000 kom Inga Dagmar Karlsdóttir líffræðingur til starfa. Inga Dagmar sá um verkefnið „Flokkun fjörugerða og vistgerða fjörunnar“ en hefur auk þess unnið að öðrum verkefnum Náttúrustofunnar, einkum hreindýrarannsóknnum. Berglind Steina Ingvarsdóttir líffræðinemi starfaði á Náttúrustofunni í um 3 mánuði sumarið 2000. Hún vann að verkefninu „Notkun nærumhverfis og vettvangskennslu í skólum í Neskaupstað“ og aðstoðaði einnig við mörg önnur verkefni. Halldór Walter Stefánsson hefur unnið fyrir Náttúrustofuna að ýmsum verkefnum, einkum fuglannsóknnum alls í um 5 mánuði árið 2000.

1. nóvember 2000

Guðrún Á. Jónsdóttir forstöðumaður

## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Fjarðabyggð • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: [na@na.is](mailto:na@na.is)  
Míðvangi 2 • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 • Netfang: [skarphedinn@na.is](mailto:skarphedinn@na.is)